

Mál nr. 416/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. janúar 2023.

Málsatvik.

Hinn 3. apríl 2021 varð M fyrir meiðslum er hún var að ganga inn um sjálfvirka hurð að verslun Y í húsnæði X. Slysið atvikaðist með þeim hætti að hurðin lokaðist á M í þann mund sem hún gekk inn um dyrnar, með þeim afleiðingum að M féll og slasaðist nokkuð við fallið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar X hjá V, enda verði tjón hennar rakið til búnaðar og ástands sjálfvirkar rennihurðar í húsnæði þar sem almenningur venji komu sínar. Ljóst sé af myndbandi af umræddu atviki að hurðin hafi ekki virkað sem skyldi, en ekki verði séð að M hafi sýnt af sér aðgæsluleysi er hún gekk inn um dyrnar á eðlilegan máta. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 þar sem fram komi áskilnaður um ástand hurða af þessu tagi. Strangt sakarmat eigi þá við um eigendur fasteigna og sú háttsemi eða athafnaleysi X sem leitt hafi til umrædds atviks sé saknæm og ólögmat og leiði til bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur í fyrsta lagi fram að félagið telji umrædda hurð hvorki í eigu né umsjá X, heldur fyrirtækisins Y. Vísar V þá til þess að váttryggingafélag Y hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að hurðin hafi virkað eins og til var ætlast og engar villur komið fram við skoðun. Hún hafi uppfyllt staðla og kröfur sem gerðar verði til slíkra hurða og ekki sé kunnugt um nein önnur slys við notkun hennar. Þá vísar V til myndbands af atvikinu en þar megi sjá að M hafi gengið rólega að hurðinni og svo hörfað til baka til að hleypa öðrum viðskiptavinum út. Hafi hún svo hikað við hurðarkarminn á leið inn og hafi hurðin þá rekist í hana með fyrrgreindum afleiðingum. Hafi því verið um óhappatilvik að ræða fremur en tjón sem rekja megi til ágalla á hurðinni.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að engar eignaskiptayfirlýsingar eða aðrar heimildir hafi verið lagðar fram er sýni fram á að umrædd hurð sé ekki í eigu og á ábyrgð X. Þá hafi M gengið að hurðinni á sínum eðlilega gönguhraða og sé óeðlilegt ef það leiði til þess að viðskiptavinir klemmist í hurðinni. Er þá jafnframt vísað til þess að búnaður hurðarinnar, sem hafi verið gamall, hafi verið uppfærður eftir slysið sem bendi til þess að endurstilling hafi verið nauðsynleg.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á ágalla á umræddri hurð, og fyrir liggur tölvupóstur þjónustuaðila þar sem kemur fram að rennihurðin hafi virkað eins og ætlast var til af henni og engar villur í búnaði, skynjarar hafi verið góðir og hjólabúnaður í lagi. Þó eftirfarandi uppfærsla á búnaði hurðarinnar hafi átt sér stað felst ekki í því sönnun þess að búnaður hurðarinnar hafi verið ófullnægjandi eða leitt til augljósrar slysahefðu. Hefur þá ekki verið sýnt fram á að eftirliti eða viðhaldi með hurðinni hafi verið ábótavant og í ósamræmi við þær kröfur sem gerðar verða til eigenda fasteigna þar sem almenningur venur komur sínar. Er því ekki sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða, og er þá óþarft að fjalla frekar um eignarhald umræddrar hurðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir